



# Óskasteinapoki

Höfundur: Sigríður H. Guðjónsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk



## Aðferð:

Útsaumur

## Áhöld:


- ✓ Skæri
- ✓ Nál með oddi
- ✓ Næla

## Efni:

- ✓ Filtefni
- ✓ Bómullargarn
- ✓ Tölur
- ✓ Perlur

## Vinnulýsing fyrir nemendur


- 1 Veljið ykkur filtefni í ykkar lit.
- 2 Brjótið löngu hliðina niður um 3 cm. Nælið fast með títuprjónum.
- 3 Saumið með aftursting neðst á efnisbrotinu.



- 4 Skreytið framhliðina með perlum eða tölum.

- 5 Brjótið pokann saman og nælið hliðina og botninn saman með títuprjónum.

*Munið að skreyta pokann áður en þið saumið hann saman.*



- 6 Saumið saman hliðina og botninn með aftursting.

- 7 Veljið ykkur 2 x 3 bómullarbönd og snúið þeim saman í snúru.

- 8 Festið nælu í endann á snúrunni og dragið hana í gegnum göngin.

- 9 Dragið snúruna saman og hnýtið til að loka pokanum.



## Vinnulýsing fyrir kennara

*Verkefni sem hentar vel fyrir 1.-2. bekk.*

*Getur verið samvinnuverkefni með bekkjarkennara þar sem lesin er sagan Óskasteinninn eftir Ármann Kr. Einarsson. Þar sem 2 x 40 mín. eru svolítið langar fyrir 1. bekkinga þá vinna þeir í ca 60 - 70 mín. og svo er lesið fyrir þá í lok tímans. Gengur mjög vel.*

- ✓ Klippa filtefni (eða annað efni sem raknar ekki upp) eftir A4 blaði.
- ✓ Brjóta langhliðina niður um 3 cm.
- ✓ Sauma í jaðarinn með aftursting þannig að það myndist op í gegnum langhliðina.
- ✓ Brjóta efnið saman og finna miðjuna og skreyta síðan framhliðina með tölum og eða perlum.
- ✓ Brjóta pokann saman og sauma hliðina og botninn með aftursting.
- ✓ Snúa síðan 3 liti af bómullargarni u.þ.b. tvær arm-lengdir og draga í gegnum göngin. Má klippa gat í aðra hliðina á göngunum til að draga annað bandið þar í gegn með nælu.
- ✓ Þegar allir nemendur eru svo búnir með sinn poka draga þeir sinn óskastein eða jafnvel finna hann úti sjálfir.

*Svo er auðvitað spurning með óskirnar.*

